

Aukinn áhugi á þriðja geiranum

- Félag og stofnanir sem starfa í almannabágu án fjárhagslegs ávinnings gegna mikilvægu hlutverki
- Um 28 milljónir manna starfa innan þriðja geirans í Evrópu ● Áhrifin félagsleg og efnahagsleg

SVIÐSLJÓÐ

Guðmundur Magnússon
gudmundur@mbl.is



Aukinn áhugi er á þriðja geiranum svokallaða og birtist það meðal annars í stjórnarfrumvarpi um félög til almannaheilla, nefndarstarfi þar sem skattalegar ívilnanir eru til skoðunar og námskeiði fyrir stjórnendur á þessu sviði í Háskólanum í Reykjavík. Með þriðja geiranum er átt við félög og stofnanir sem starfa í almannabágu án hagnaðarsjónarmiða og tilheyra hvorki opinberum rekstri né einkarekstri. Umfang þessarar starfsemi og fjárhagsleg velta virðist hafa stóruaukt bæði hér á landi og erlendis á undanföllum árum, en upplýsingar skortir til að leggja nákvæmt mat á framlag þriðja geirans til þjóðlífsins og efnahagsstarfseminnar hér.

Umfang geirans mikið

Tveir prófessorar við háskóla Íslands, Ómar H. Kristmundsson og Steinunn Hrafnadóttir, hafa á undanföllum árum kannað ýmsa þætti þriðja geirans hér á landi. Þau segja að erfitt sé að meta umfang hans, en benda á að samkvæmt gögnum Hagstofunnar hafi tæplega 900 félagsamtök og sjálfseignarstofnanir verið starfandi hér á landi árið 2017. Miðað er við aðila sem greitt höfðu einhver laun á því ári og voru þeir 1.500 þetta ár. Yfirleitt eru samtök af þessu tagi með fáa launaða starfsmenn og sum enga. Undantekning frá því er sjálfseignarstofnanir í velferðarþjónustu þar sem nokkur dæmi eru um að starfsmenn séu fleiri en eitt hundrad.

Í nýlegu riti *The Third Sector as a Renewable Resource for Europe* eftir Lester M. Salamon og Wojciech Sokolowski segir að starfsemi af þessu tagi sé gífurlega sterkur þáttur í evrópsku hagkerfi, sterkari en margar hefðbundnar atvinnugreinar. Tölur sem höfundarnir birta um umfangið eru frá 2014 og miðast við lönd Evrópusambandsins og Noreg. Þær sýna að innan þriðja geirans starfa



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Þriðji geirinn Björgunarstarf hér á landi er að stórum hluta unnið í sjálfbodavinnu. Það hefur gífurlega þýðingu fyrir íslenskt samfélag. Hér eru félagar í Landsbjörg á æfingu við Gufuskála fyrir nokkrum árum. Björgunarsveitirnar eru ekki aðilar að samtökunum Almannaheill.



Morgunblaðið/Góli

Hjálparstarf Starfsmenn Mæðrastyrksnefndar að störfum við úthlutun gjafa til fátækra. Allt starfið er unnið í sjálfbodavinnu.



Ketill Magnússon



Steinunn Hrafnadóttir



Ómar Kristmundsson



Linda Vilhjálmstöðir

voru stofnuð til að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum fyrir almannaheillasamtök og sjálfseignarstofnanir sem starfa í almannabágu. Jafnframt vinna þau að sem hagfeldustu starfsumhverfi fyrir þessa aðila, styrkja mynd þeirra, efla stöðu þriðja geirans í samfélaginu og koma fram fyrir hönd hans gagnvart opinberum aðilum og fjölmiðum. Innan Almannaheilla eru nú 33 aðildarfélög, þar á meðal stór samtök eins og Bandalag íslenskra skáta, Landsamband eldri borgara, Öryrkjabandalagið og Neytendasamtökin. Meðal annarra aðildarféлага má nefna Barnaheill, Blindrafélagið, Heimili og skóla, Hjartavernd, Kvenfélagasambandið, Landvernd, Geðhjálp og Proskahjálp.

Uatn Almannaheilla stendur enn mikill fjöldi féлага innan þriðja geirans, þ.á m. björgunarsveitirnar og ýmsir aðilar sem leggja til mikið fjármagn í formi styrkja og gjafa, eins og Lions, Kiwanis, Rotary, Frímúrarakvæði og fleiri slík félög og samtök. Framlög Oddfellowa á ári til ýmissa samtaka og stofnana nema t.d. um 150 milljónum króna.

rúmlega 28 milljónir manna, ýmis í launuðu starfi eða sjálfbodavinnu. Þetta eru 13% af öllu vinnuafli í Evrópu. Ólaunuðu sjálfbodaliðarnir eru 55% hópsins, um 15 milljónir manna.

Erlendar rannsóknir sýna að framlag þriðja geirans til vergrar landsframleiðslu er allt 0,8%. Ómar og Steinunn segja að erfitt sé að meta efnahagsleg áhrif þriðja geirans þar sem stór hluti hans felst í ávinningi sem ekki mælist með fjárhagslegum mælistikum. Erlendis hafi menn skoðað veltu féлага og stofnana á þessu sviði og áætlað hvað ólaunuð störf sjálfbodaliða myndu kosta ef þau væru unnin af launuðu starfsfólki. Þessi aðferð mæli hins vegar aldrei nema brot af þeim ávinningi sem felst í samfélagslegum áhrifum félagsamtaka. Vegna heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sé nú meiri áhugi á því að mæla félagslegar framfarir en efnahagslegar. Heimsmarkmiðin kveða sem kunnugt er m.a. á um að stefnt skuli að heimi án fátækta og hungurs og að tryggja öllum heilsu og vellíðan, menntun og jafnan rétt.

Almannaheill

Könnun sem gerð var hér á landi fyrir um áratug leiddi í ljós að um þriðjungur Íslendinga 18 ára og eldri tók þátt í sjálfbodastörfum og 75% voru í einhverjum félögum. Flestir unnu fyrir íþrótt- og tómstundafélög og þau voru einnig fjölmennust fjálsra féлага. Algengara er að fólk eldri en 50 ára sinni sjálfbodastörfum en yngra fólk, sérstaklega fyrir velferðarfélag.

Rúmur áratugur er síðan Almannaheill, samtök þriðja geirans,

Að sögn Ketils B. Magnússonar, formanns Almannaheilla, er allt starf samtakanna unnið af stjórnarfólki í sjálfbodastarfi. Enginn stjórnarmaður fær greitt fyrir vinnu sína og enginn starfsmaður er á launum hjá félaginu. Ketill segir að af verkefnum á næstunni beri einna hæst kynningu á skattlausum erfðafjárgjöfum til almannaheillaféлага. Nýverið varð að lögum eitt af baráttumálum samtakanna um að fella niður skatt af erfðafjárgjöfum til almannaheillaféлага.

Ketill segir að Almannaheill muni áfram beita sér fyrir bættu rekstrarumhverfi almannaheillaféлага. Skattaumhverfið sé ennþá óhagstætt þó svo að skilningur yfirvalda sé að aukast. Almannaheill vilji auka skattafslátt sem fyrirtæki fá fyrir styrki til almannaheillaféлага. „Eins viljum við að einstaklingar sem gefa fé til almannaheillaféлага geti fengið dregið það framlag frá í skattaframtali sínu upp að ákveðnu marki eins og víða má sjá í öðrum löndum,“ segir Ketill.

Löggjöf og skattaívilnanir

Fyrir Alþingi liggur nú stjórnarfrumvarp um félög til almannaheilla þar sem kveðið er á um réttindi og skyldur féлага sem kjósa að vera á fyrirhugaðri almannaheillaskrá ríkisskattstjóra. Hugmyndin er að tryggja að félög af þessu tagi viðhafi lýðræðislega starfshætti og að faglega og á vandaðan hátt sé haldið utan um fjármál og önnur gæði sem félögunum eru fengin. Skiptar skoðanir hafa verið um ýmis efnisatriði frum-

emmessis
sumaris
RÍÐMAÍÐ MÆD
KÓKOS
& MANGÓ
I L GLEDIGJAFI
emmessis.is

LÖG UM ÞRIÐJA GEIRANN

Fundioð að frumvarpi

Umsagnir sem borist hafa Alþingi vegna frumvarps um félag til almannaheilla eru yfirleitt jákvæðar, en flestir gera þó einhverjar efnislegar athugasemdir. Umsögn SÍBS sker sig úr. Það vill að frumvarpið verði dregið til baka og fari til gagnarr endurskoðunar í ráðuneytinu. SÍBS telur sérstök lög af þessu tagi óþörf, íþyngjandi og yfirstyrandi og til þess fallin að bregða fæti fyrir starfsemi félaga sem ekki ráða við strangar formkröfur laganna. Þá kemur fram í umsögn SÍBS að félagið Almannaheill tali ekki fyrir þann yfirgnæfandi meirihluta frjálsra félagasamtaka sem ekki eru aðilar að Almannaheillum.

varpsins meðal frjálsra félagasamtaka, en við það var þó miðað við gerð þess að löggjöfin yrði ekki íþyngjandi og möguleiki félagna til að ákvarða innra skipulag sitt yrði ekki þröngdur.

Sex manna starfshópur á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins er nú að skoða hvort skattalegar ívilnanir geti hvatt einstaklinga og fyrirtæki til að styrkja félag sem falla undir þriðja geirann. Dæmi um félag sem gætu notið góðs af mögulegum breytingum eru björgunarsveitir, íþróttafélög og mannúðarsamtök. Annað markmið með vinnunni er að stuðla að auknu samræmi starfseminnar við sambærilega starfsemi í nágrannaríkjum okkar. Innan fjármála- og efnahagsráðuneytisins hefur farið fram grunnskoðun á þessum þætti. Komið hefur í ljós að í ákveðnum tilvikum eru skattundanháttar víðtækari fyrir starfsemi sem fellur undir þriðja geirann í nágrannaríkjum okkar heldur en hér á landi. Sem dæmi má nefna að í Danmörku, Noregi og Svíþjóð eru undanháttar til staðar vegna fjármagnstekna og gjafa frá einstaklingum til góðgerðarfélaganna. Þá liggur jafnframt fyrir að regluverk er varðar skattlagningu á starfsemi sem fellur undir þriðja geirann hefur í grunninn staðið óbreytt í langan tíma.

Við það er miðað að starfshópurinn skili tillögum sínum fyrir 15. júní næstkomandi.

Stjórnendanám í HR

Í haust býður Háskólinn í Reykjavík upp á nám fyrir stjórnendur í þriðja geiranum. Námslínan hóf göngu sína haustið 2017 og er nú haldin í annað sinn. Linda Villhjálmstöttir, verkefnastjóri hjá HR, segir að námið hafi heppnast vel og mælt vel fyrir hjá þátttakendum sem allir voru stjórnendur innan þriðja geirans, ýmist frá stórum eða litlum félögum.

„Það sem þeim þótti ekki sist verðmætt var tengslamyndunin á meðan á náminu stóð, auk þess sem þau voru sammála okkur um að þörf væri fyrir svona sérhæft stjórnendanám,“ segir Linda. Hún segir námið henta stjórnendum félaga- og sjálfseignarstofnana, bæði nýjum og þeim reyndari, jafnt frá smáum sem stórum félögum. Kennslan byggist að miklu leyti á hagnýtum verkefnum úr þriðja geiranum. Áhersla er lögð á persónulega þróun þátttakenda með það að leiðarljósi að efla og styrkja stjórnendur til að takast á við áskoranir sem oft eru ólíkar þeim sem stjórnendur á almennum vinnumarkaði standa frammi fyrir.

Frumkvæði að náminu kom frá Almannaheillum í því skyni að efla starf félaga sem starfa án hagnaðarsjónarmiða. Samtökin telja ýmsar áskoranir felast í að stjórna slíkum félögum sem ekki finnast í hagnaðar-drifnum fyrirtækjum eða opinberum stofnunum. Til að mynda er fjármögnun með öðrum hætti, viðskiptavinir eru aðrir og það að stýra hópí sjálfbodaliða kallar á annars konar mannauðsstjórnun.

Þriðjungur lóustofns heimsins verpur hér

Um þriðjungur heimsstofns heiðlóu verpur hér á landi og um 27% heimsstofns spóa. Hvað varðar stelk þá verpa hér um 12% heimsstofnsins, 10% lóupræls og 7% af heimsstofni jaðrakans.

Þetta kemur fram í nýrri vísindgrein í alþjóðlega vísindaritinu *Wader Study* sem dr. Lilja Jóhannsdóttir, starfsmaður Náttúrustofu Suðausturlands, vann ásamt félögum sínum við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi og við háskólana í Austur-Englíu í Bretlandi og í

Aveiro í Portúgal. Greinin fjallar um íslenska mófugla: stöðu, ógnir og áskoranir við verndun.

Fjallað er um niðurstöðurnar á heimasíðu Náttúrustofu Suðausturlands og segir þar m.a.: „Greinin er yfirlitsgrein um stöðu algengustu vaðflugategunda sem verpa í úthaga á Íslandi. Farið er yfir stofnstærðir, lýðfræðilega þekkingu (þá litlu sem til er), stöðu verndar og helstu ógnir sem stafa að þessum tegundum. Hér á Íslandi höfum við ofurstóra vaðflugastofna (samanborið við ná-



Morgunblaðið/Ómar

Veisla hjá lóunni Umgangast þarf búsvæði fugla af virðingu.

grannalönd okkar sem mörg hafa gengið alltof harkalega á búsvæði þeirra) sem við höfum skuldbundið okkur til að vernda með þátttöku okkar í fjölda alþjóðlegra samninga.

Tillit sé tekið til fuglanna

Mikilvægi Íslands í því samhengi er gríðarmikið, en til dæmis má nefna 34% heimsstofns heiðlóu og 27% spóans verpa hér á landi, og því mikilvægt að við umgöngumst þessar tegundir og búsvæði þeirra af virðingu. Ein helsta ógnin sem þessir fuglar búa við á Íslandi er búsvæðatap og loftslagsbreytingar. Það er því nauðsynlegt að við skipulag framkvæmda sé fylgt eftir ákvæðum alþjóðasamninga, tekið tillit til þarfa fugla og að við Íslendingar gerum allt sem í okkar valdi stendur til að sporna við loftslagsbreytingum. “ aij@mbl.is

Uppbygging flutningskerfis raforku

– Hver er staðan í þinni heimabyggð?

SAMRÁÐ OG SAMTAL UM DRÖG AÐ KERFISÁÆTLUN 2019–2028

Við kynnum drög að nýrri kerfisáætlun á opnum fundum víðs vegar um landið á næstu vikum. Að kynningu lokinni gefst fundargestum tækifæri til að ræða við fólkið sem vinnur að gerð áætlunarinnar yfir kaffibolla.

Við bjóðum til samtals á eftirfarandi stöðum :

Reykjavík	Þriðjudaginn 14. maí	kl. 8.30-10.30	Grand Hótel
Akureyri	Miðvikudaginn 15. maí	kl. 14.00-16.00	Hótel KEA
Neskaupstaður	Fimmtudaginn 16. maí	kl. 14.00-16.00	Safnahúsið Neskaupstað
Grundarfjörður	Föstudaginn 17. maí	kl. 12.30- 14.30	Samkomuhús Grundarfjarðar
Hella	Mánudaginn 20. maí	kl. 12.00-14.00	Stracta Hótel
Vestmannaeyjar	Mánudaginn 20. maí	kl. 19.30-21.00	Akóges
Ísafjörður	Þriðjudaginn 21. maí	kl. 15.00-17.00	Hótel Ísafjörður

Komdu og kynntu þér hvað er verið að gera til að tryggja leiðina inn í framtíðina sem við vitum að verður rafmagnaðri en áður.

Drög að skýrslunni er að finna á www.landsnet.is

LANDSNET